

## Til handhafa útboðsgagna nr. 15451 - Þjónusta við þráðlausa senda og netskápa í grunnskólum Reykjavíkurborgar

### Málefni: Viðauki 1 við ofangreind útboðsgögn.

Eftirfarandi fyrirspurnir hafa borist og eru svör upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar við þeim hér fyrir neðan.

#### Fyrirspurn 1:

Er krafa að bjóðandi hafi uppfyllt allar kröfur hjá tveimur bjóðendum, þ.e. gert allt í senn : mælt fyrir, magntekið, hannað, skjalfest og sett upp þráðlaust net fyrir tvo vinnustaði?

#### Svar 1:

Vísað er til kafla 0.4.3.1 útboðsgagna en þar kemur fram:

*Bjóðandi skal:*

- i. á síðustu fjórum árum hafa mælt fyrir, magntekið, hannað, skjalfest og sett upp net þráðlausra senda á hið minnsta tveimur vinnustöðum þar sem fjöldi notenda er 50 eða fleiri. Bjóðandi skal leggja með tilboði sínu skriflegar staðfestingar þeirra sem keyptu þjónustuna á umfangi og fullnustu verkefnanna.*

Þetta skal skilja á þann veg að bjóðandi skal leggja fram staðfestingar frá tveimur fyrirtækjum, þar sem fjöldi notenda er 50 eða fleiri, um að bjóðandi hafi mælt fyrir, magntekið, hannað, skjalfest og sett upp net þráðlausra senda þ.e. unnið alla þessa verkþætti hjá báðum þeim fyrirtækjum sem bjóðandi vísar til, og skal með tilboði sínu leggja fram staðfestingu frá tilgreindum viðskiptavinum á fullnustu beggja verkefna.

#### Fyrirspurn 2:

Er nóg að hafa uppfyllt hvern þátt hjá vinnustöðum af umbeðinni stærð, t.d. mælt hjá aðilum A og B; magntekið, hannað hjá C og D; og sett upp og skjalfest hjá E og F?

#### Svar 2:

Nei. Það er ekki nóg. Sjá nánar svar við fyrirspurn 1.

#### Fyrirspurn 3:

Er með „sett upp net þráðlausra senda“ átt við að tengja og festa þá upp í loft og vegg eða er vísað til þeirrar vinnu að stilla (configga) sendana?

#### Svar 3:

Stilling/forritun á sendum (config) er ekki hluti af vinnunni. Bjóðandi fær sendana afhenta forritaða (config).

**Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra gagna.**